

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson,
byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000163/ksj


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Rangárþings eystra 2003 - 2015. Breytingin felst í því að miðsvæði á Hvolsvelli er stækkað til norðvesturs um 4,5 ha.

Svæðið sem breytingin nær til hefur verið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota/ípróttasvæði og landbúnaðarsvæði, en verður nú hluti af miðsvæði Hvolsvallar. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að sett skuli ákvæði sem stuðla að vandaðri umhverfismótun, s.s form, efni, útlit og litaval nýbygginga samanber áherslur sveitarstjórnar í lýsingu. Að mati Umhverfisstofnunar gæti uppbygging á nýjum hluta miðsvæðis bætt ásýnd miðsvæðis ef vel tekst til.

Svæðið sem breytingin nær til er í dag sléttuð tún milli miðsvæðis Hvolsvallar og spennivirkis Rarik. Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá, og á svæðinu eru ekki náttúruminjar er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri